

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 10. júlí 2019
Mnr. 2019030022



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Tilboð í íbúð 0205

Þann 26. júní sl. fóru íbúðir í Sindragötu 4a, Ísafirði, í sölu. Á 1066. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúð nr. 0204 í fasteigninni. Á 1067. fundi bæjarráðs var samþykkt tilboð í íbúðir 0202, 0203 og 0302. Því eru fjórar íbúðir seldar í íbúðinni að svo stöddu.

Eftirfarandi tilboð hefur að auki borist í íbúðir í eigninni:

1. **Tilboð í íbúð 0205**, dags. 9. júlí 2019. Tilboðið stóð til kl. 16:00 10. júlí og var boðið uppsett verð í íbúðina. Bæjarstjóri staðfesti kauptilboðið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Undirrituð leggur til að bæjarráð, í sumarleyfum bæjarstjórnar, samþykki framangreint tilboð í íbúðir 0205 í samræmi við 4. mgr. 8. gr. samþykktu um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, sem er svohljóðandi:

„Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.“